



Innanríkisráðuneytið
postur@irr.is

Reykjavík, 6. mars 2017

Efni: Drög að reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „**SI**“) og Samband Íslenskra kvikmyndaframleiðenda (hér eftir „**SÍK**“) gera eftirfarandi athugasemdir við drög að reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara (dróna) sem birt voru á vefsíðu innanríkisráðuneytisins þann 10. febrúar síðastliðinn.

i. Skilgreining á „umráðanda“ og váttryggingarskylda

Hugtakið „umráðandi“ er skilgreint í 3. gr. reglugerðardraganna. Þar segir að umráðandi sé einstaklingur eða lögaðili sem hefur fjartstýrt loftfar til ráðstöfunar. Að mati SI og SÍK er framangreind skilgreining ekki nægilega skýr sem getur valdið vandkvæðum í framkvæmd með tilliti til þeirra ýmsu skyldna sem lagðar eru á umráðendur, verði reglugerðin samþykkt óbreytt. Óljóst er hvað felst í því að hafa fjarstýrt loftfar „til ráðstöfunar“ en skilgreiningin bendir þó til þess að ekki sé aðeins átt við eigendur fjarstýrðra loftfara. Þá er í lögum um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð um skylduváttryggingar vegna loftferða nr. 78/2006 hvort tveggja talað um „eigendur“ og „umráðendur“ loftfara. Þannig virðist sem ekki sé endilega um einn og sama aðilann að ræða.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. reglugerðardraganna mælir fyrir um skyldu umráðanda fjarstýrðs loftfars með hámarkspunga 20 kg eða meira til að taka og viðhalda váttryggingu til greiðslu skaðabóta „í samræmi við reglugerð um skylduváttryggingar loftfara“. Óljóst er hvort hér sé átt við fyrrnefnda reglugerð nr. 78/2006 um skylduváttryggingar *vegna loftferða* eða hvort fyrirhugað sé að setja nýja reglugerð sem ber framangreint heiti. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að umráðandi fjarstýrðs loftfars, sem hefur fengið útgefna undanþágu skv. 18. gr., skuli óháð þyngd loftfarsins taka og viðhalda váttryggingu til greiðslu skaðabóta.

Með fyrrnefndri reglugerð nr. 78/2006 öðlaðist jafnframt gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004 um kröfur um váttryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara (hér eftir EB reglugerðin). EB reglugerðin kveður á um að flugrekendur og *umráðendur loftfara*, sem um getur í 2. gr. reglugerðarinnar, skuli tryggðir í samræmi við reglugerðina. Hugtakið „umráðandi loftfars (aircraft operator)“ er skilgreint á eftirfarandi hátt, sbr. c-liður 3. gr. EB reglugerðarinnar:

„einstaklingur eða aðili, sem er ekki flugrekandi en **hefur að staðaldri virk umráð yfir notkun eða rekstri loftfars**. Einstaklingur eða lögaðili sem er skráður fyrir loftfarinu telst vera umráðandi loftfars nema sá aðili geti sannað að annar aðili sé umráðandinn“ (leturbreyting undirritaðra).

Þannig er gert ráð fyrir því að „umráðandi“ sé sá aðili sem hefur að staðaldri umráð yfir annað hvort notkun eða rekstri loftfarsins. Umráðandi sé skráður eigandi loftfarsins, nema sýnt sé fram á annað.



Einstaklingar og lögaðilar sem vinna við kvikmyndagerð hér á landi taka alla jafna dróna á leigu þegar þörf er á drónum af framangreindri stærðargráðu í tiltekin kvikmyndaverkefni. Leigutíminn getur verið mjög mismunandi og í mörgum tilvikum er aðeins um skamman tíma að ræða. Oft á tíðum er það jafnframt starfsmaður eiganda drónans sem stjórnar honum, þ.e. sem annast starf fjarflugmanns (eins og hugtakið er skilgreint í reglugerðardrögunum), fyrir viðkomandi verkefni. Engu að síður stjórnar leigutakinn því hvar og hvenær dróninn flýgur, að því marki sem heimilt er skv. lögum og reglum. Þannig má segja að viðkomandi leigutaki hafi „fjarstýrt loftfar til ráðstöfunar“ á meðan verkefninu stendur og teljist þannig umráðandi drónans skv. skilgreiningu reglugerðardraganna.

Með vísan til þeirra skyldna sem lagðar eru á umráðendur með reglugerðardrögunum, ekki síst skyldunnar til að váttryggja, telja SI og SÍK mjög mikilvægt að hugtakið umráðandi sé skilgreint í takt við skilgreiningu í EB reglugerðinni. Umráðandi sé þannig alla jafna eigandi drónans.

Verði skilgreiningin á „umráðanda“ óbreytt, telja SI og SÍK sérstaklega varhugavert að leggja þá skyldu undantekningalaust á umráðanda að taka og viðhalda váttryggingu skv. 8. gr. reglugerðardraganna. Þetta á ekki síst við í þeim tilvikum sem lýst var hér að ofan, þ.e. þegar aðili tekur dróna á leigu, jafnvel í mjög skamman tíma, óháð því hvort viðkomandi fær jafnframt starfsmann þess lögaðila sem er eigandi drónans til að stjórna honum. Í slíkum tilvikum telja SI og SÍK liggja beinast við að skyldan sé lögð á eiganda drónans, þ.e. hann sé váttryggingartaki, þrátt fyrir að leigutaki hverju sinni sé mögulega hinn váttryggði þegar um ábyrgðartryggingu er að ræða.

ii. Þyngdartakmarkanir

SI og SÍK mæla fyrir því að heimilt verði að starfrækja dróna sem vega að hámarki 30 kg í stað 25 kg, sbr. 11. gr. reglugerðardraganna, án sérstaks leyfis, en að leyfi frá Samgöngustofu þurfi fyrir dróna yfir 30 kg að þyngd. Ennfremur að heimilt verði að fljúga dróna sem vegur að hámarki 30 kg, í stað 25 kg, utan þéttbýlis, sbr. 3. tölul. 12. gr., sbr. einnig 14. gr. reglugerðardraganna. Ella er fyrirséð að þeir sem vinna við kvikmyndagerð, eða þeir sem leigja út dróna til kvikmyndagerðar, þurfi sífellt að sækja um undanþágur frá þyngdartakmörkunum, sbr. 18. gr. reglugerðardraganna, þar sem þeir koma til með að nota dróna sem vega u.þ.b. 30 kg við töku kvikmynda.

Að lokum lýsa SI og SÍK sig góðfúslega reiðubúin til að vera ráðuneytinu innan handar við frekari vinnu reglugerðardraganna, komi til slíkrar vinnu.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka iðnaðarins

Eyrún Arnarsdóttir,
lögfræðingur

F.h. Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Kristinn Þórðarson,
stjórnarformaður